

91.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 12.júní 2018 kl. 17.00. Mættir: Hulda Elsa, Þórunn, Aron, Gry, Alex, Erla og Guðfinnur boðuðu forföll. Viðar sat fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar
Hulda sendir fundargerð á Gry sem ritar og birtir.
2. LANDSLIÐSVAL SEINNI HLUTI
Farið var yfir landsliðsvalið. Gengið frá hópnum sem keppir á NM jr í september. Gry og Viðar fara yfir hópinn og kanna áhuga og búa til skráningu. Viðar skipuleggjur framhaldið, æfingarbúðir, búningakaup o.a.
Valið fyrir önnur mót verður lagt fyrir landsliðsnefnd til samþykktar og birt fyrir 1.júli
3. NMjr
Búið er að senda út boðsbréfið til NPF.
Verið er að semja við lyfjaeftirlitið og IPF um lyfjaprófin.
KRA sér um samskipti og kostnað við lyfjaprófin. NPF sér um verðlaunapeningana. Samþykkt að styrkja sjónvarpsútsendingu/upptöku um sömu upphæð og greitt var vegna RIG.
4. LANDSLIÐSLÁGMÖRK.
Tillögur nefndarinnar ræddar áfram. Stjórninni líst vel á grunnhugmyndina um að byggja á meðaltal 15 efstu á heimslista í hverjum flokki. Ákveðið var að lágmörk tæku gildi f.o.m. 1.janúar 2019 og verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Gry falið að setja upp töflur með nýjum lágmörkum sem verða lagðar fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.
5. IM DEDD
Kanna verður hvernig framkvæmd ÍM getur farið fram á landsmóti UMFÍ samkvæmt reglum KRA. Leitað upplýsinga frá KFA um fyrirhugað kraftlyftingamót á landsmótinu, en ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir því til mótanefndar KRA.
Gry falið að sjá um málið.
6. DÓMARAMÁL
Erfiðlega hefur gengið að manna dómarasætin á mótum. Ákveðið að fela starfsmanni KRA að sjá um dómaramál á næstu mótum í samstarfi við mótshaldara.
7. AGAMÁL KDH
Ákveðið að falla frá innheimtu sektar. Sent verður bréf til málsaðila sem fyrst.
8. ÖNNUR MÁL.
Upplýst að laganefnd er að vinna í endurskoðun laga KRA.
Upplýst að vinna er hafin við skipulag þjálfaranámskeiða 1 og 2.
Upplýst að vinna er hafin við samning milli KRA og mótshaldara meistaramóta.

Ákveðið var að funda næst 18.júni nk. Hulda boðar fundinn
Ekkert fleira gert. Fundi slitið 18.45
Fundarritari: Gry